



Læsisstefna Arnarsmára

Inngangur

Þann 26. maí 2015
skrifuðu bæjarstjóri
Kópavogs, fulltrúi
foreldra í Kópavogi og
menntamálaráðherra
undir þjóðarsáttmála



um læsi, þar sem menntamálayfirvöld og sveitarfélagið einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi. Þjóðarsáttmálinn kveður m.a. á um að bærinn skuli setja sér markvissa læsisstefnu, setja árangursviðmið um að 90% nemenda geti lesið sér til gagns, veita nemendum af erlendum uppruna stuðning í lestrarnámi og leggja áherslu á samvinnu við foreldra.

Í kjölfar þess var gerð „Stefna Kópavogs um mál og lestur í leik- og grunnskólum.“ Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum stefnunnar.

Í Arnarsmára er lögð áhersla á að allt nám fari fram í gegnum leik og á það líka við um læsi og málrækt. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja,



túlka, gagnrýna og miðla. Þannig læra börnin að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Bernskulæsi er sú lestrar- og

ritunarþróun sem á sér stað áður en börn byrja formlega að lesa og skrifa. Í þessu ferli skipta viðhorf, þekking og þroski barnanna máli um það hvernig þessi þróun á sér stað. Segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið og markvisst er unnið að því að efla málvitund barnanna.

Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli foreldra og kennara því það getur skipt sköpum fyrir árangur barna.

Í Arnarsmára er starfað samkvæmt Uppbyggingarstefnunni, en hún miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga, sem er grundvallarfærni í námi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að ákveðnir þættir, s.s. orðaforði, frásagnargeta, hlustunar- og lesskilningur, sjálfstjórn, hljóðkerfisvitund og bókstafapekking skipta miklu máli í þróun læsis.

Í læsisstefnu Arnarsmára verða þessir þættir hafðir að leiðarljósi.



Markmið

- Að leggja grunn að bernskulæsi
- Að gefa börnum tækifæri til að þróa læsi í víðum skilningi
- Að börnin þrói með sér jákvætt viðhorf til lestrar
- Að börnin læri að þekkja bókstafina
- Að efla hjá börnunum hljóðkerfisvitund og orðaforða og að a.m.k. 90% barna nái meðalfærni í málskilningi og máltjáningu
- Að börnin verði agaðir einstaklingar
- Að efla málskilning og orðaforða tvítýngdra barna
- Að eiga samstarf við foreldra um eflingu læsis
- Að búa börnunum læsishvetjandi umhverfi
- Að auka samstarf og gagnkvæmt upplýsingastreymi við Smáraskóla.



Leiðir



Læsishvetjandi umhverfi: Ritmál sýnilegt, fjölbreyttur málörvandi efniviður aðgengilegur, s.s. skriffæri, töflur, sögusteinar, söguteningar, bækur og spil.


Lestur: Lesið daglega, t.d. á vinafundum, í hvíld, í frjálsum leik og í samverustundum fyrir litla og stóra hópa. Gott er ef kennari sér tækifæri til að grípa bók og lesa fyrir nokkur börn.

Samræðulestur er aðferð sem gott er að nýta til að efla málþroska og orðaforða. Allir foreldrar sem byrja með barn í leikskólum Kópavogs fá bækling með leiðbeiningum um samræðulestur sem var meistaraverkefni Hrafnhildar Steinþórsdóttur kennara í Arnarsmára.

Orðaspjall er góð aðferð til að auka málskilning barna. Einnig leikur með orð; taka í sundur, setja saman, finna fleiri orð með sömu merkingu.

Sögupokar og sögur sem kennarar og börn

segja frá eigin brjósti eru góð viðbót við bækur og mjög málhvetjandi.



Mikilvægt er að börnin læri **söngva, vísur og þulur**, læri að fara rétt með textann og skilji hann. Rím og hrynjandi skipta miklu máli í eflingu hljóðkerfisvitundar.

Lubbi finnur

málbein er

kennsluefni þar sem lögð er áhersla á málhljóðin til að tengja saman hljóð og bókstaf í vinnu með lestur og ritun.

Allt þetta er hægt að flétta inn í starfið,

ýmist í skipulögðum stundum, frjálsum leik, á svæðum, í matartímum og fataherbergjum.

Hreyfing gerir börnin móttækilegri og einbeittari hvað varðar allt nám og eru mikil tækifæri til hreyfingar í ferðum, útivist og leikfimi.

Stóri læsisdagurinn er haldinn einu sinni á önn. Þá er börnunum skipt í hópa eftir aldri og þau fara á milli stöðva þar sem þau leysa fjölbreytileg, læsistengd verkefni.

Samstarf er við Bókasafn Kópavogs, t.d. fara börnin í sögustundir, læra meðferð bóka og fá lánaðar bækur. Einnig fær skólinn lánaðar bækur til endurútláns til barnanna/foreldranna í nóvember og febrúar en þá stendur leikskólinn fyrir **læsisátaki** í samvinnu við foreldrana.



Snemmtæk íhlutun getur komið í veg fyrir lestrarörðugleika. Í Arnarsmára eru lögð fyrir skimunarprófin **EFI-2** og **Hljóm-2** sem kanna ákveðna þætti sem geta gefið vísbendingar um lestrarerfiðleika síðar. Einnig eru fylltir út gátlistar þar sem ýmis færni er metin, þ.á.m. læsi. Arnarsmári lætur Smáraskóla í té niðurstöður úr Hljóm-2.

Í Arnarsmára er lögð áhersla á að kenna börnunum kjarngóða hreina íslensku og eru kennarar hvattir til að setja orð á athafnir og hluti.



Lokaorð

Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari hefðbundins lestrar og ritunar. Í bernskulæsi móttast viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðar lestrarfærni.

Í Arnarsmára er lögð rík áhersla á að börnin fái tækifæri til að þróa læsið í gegnum leikinn, sem er þeirra aðal námsleið.

Mikilvægt er að nota fjölbreyttar aðferðir í starfinu með börnunum til að halda áhuga þeirra lifandi.

Læsisstefnan á að auðvelda kennurum skólans að rækta og tileinka sér þær aðferðir og leiðir sem að framan greinir.

